



Framtíðin er okkar

Aðgerðir til að samræma starfsár kennara í leikskólum og grunnskólum bæjarins

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ákveðið að fara í aðgerðir til að mæta þeim veruleika að faghlutfall kennara í leikskólum hefur farið lækkandi undanfarin ár. Markmiðið er að búa til aðlaðandi starfsaðstæður fyrir kennara á leikskólastiginu, fjölga kennurum í leikskólum bæjarins og auka þar með fagmennsku og bæta gæði náms í leikskólum börnum til heilla. Aðgerðirnar fela í sér að samræma starfsár leik- og grunnskólakennara.



36 stunda vinnuvika frá og með 15. desember 2022

Fyrirkomulagið tengist styttingu vinnuvikunnar en allt starfsfólk leikskóla vinnur 36 stunda vinnuviku. Starfsfólk í leikskólum í Félagi leikskólakennara, Proskapjálfafélaginu og BHM hefur val um að vinna 40 stunda vinnuviku og safna upp styttingu. Samtals jafngildir uppsöfnuð stytting vinnuvikunnar 23 dögum sem tekin er út í betri vinnutíma á eftirfarandi tímabilum:

- Tveir dagar í október þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar
- Frá og með 21. desember fram til 2. janúar
- Tveir dagar í febrúar þegar vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarðar
- Þrír dagar í dymbilviku fyrir páska
- Á árlofstímabili frá 15. maí – 15. september til viðbótar við orlofsrétt

Þessu til viðbótar hefur verið samþykkt að félagsfólk í fyrrgreindum stéttarfélögum fái þrjá daga til símenntunar árlega sem er fyrirkomulag sem grunnskólakennarar hafa haft um árabíl. Annað starfsfólk leikskóla tekur út styttingu, vikulega eða hálfsmánaðarlega.

Hafnarfjarðarbær er fyrsta sveitarfélagið til að stíga þetta skref og á Degi leikskólans 2023 var sveitarfélaginu veitt Orðsporið, hvatningarverðlaun leikskóla, fyrir að samræma starfstíma í leikskólum og grunnskólum bæjarins og gera þannig skólaárið á þessum tveimur skólastigum sambærilegt.

Leggjumst á eitt og fyllum leikskólana okkar af faglegu og flottu starfsfólki!